

# Saga páskaeggsins

## Hvernig varð allt til?

Hvernig varð allt til? Himinninn, með öllum stjörnunum og tunglunum, eða þá jörðin, með öllu sem á henni lifir. Allt frá öndverðu hefur mannskepnan leitað svara við þessu. Samkvæmt Grímnismálum og Vafþrúðnismálum, sem eru tvö Eddukvæða, og mikilvæg heimild um forn-norrænan átrúnað, eða Ásatrú, drápu Borssynir t.d. jötuninn Ými og gerðu af himin og jörð. Eru egg gædd töfrum?

## Saga páskaeggsins

Önnur menningarsamfélög fundu aðrar skýringar. Ein hin þekktari hefur sprottið af upplifun og reynslu og fólst í því, að menn tóku eftir því að á vorin, með hækkandi sól, lifnaði náttúran og undarlegir hlutir fóru að gerast. M.a. tóku fuglar að verpa og í eggjum þeirra kviknaði líf og eftir ákveðinn tíma brutust úr þeim ungar. Í raun var þetta óskiljanlegt. Eggið hlaut því að vera gætt einhverjum töfrum. Og þegar farið var að hugsa málið nánar, líktist eggjarauðan býsna mikið sólarkringlunni. Og þá var ekki langt í næsta skref, að á milli þessara fyrirbæra væri sett jafnaðarmerki, eða allt að því. Upp úr þessum vangaveltum birtist síðan kenningin um að veröldin hefði orðið til úr risavöxnu eggi. Sú hugmynd fannst víða, m.a. í Egyptalandi, Föníkíu, Grikklandi, Indlandi, Kína, Japan, Mið-Ameríku, Pólynesíu og Finnlandi. Og einhvern tíma í framhaldi af því tóku Egyptar að setja egg í grafir hinna látnu, sem tákn um eilíft líf.



Sama var á bak við þann sið Grikkja að leggja egg á grafir. Og í Róm varð til orðtakið "Omne vivum ex ovo"; það merkir "Allt líf kemur úr eggi". Keltar fögnuðu jafndægri að vori með því að gefa hver öðrum rauðmáluð egg. Eins gerðu Persar. Þau voru etin, en skurnin brotin eða mulin, til að hrekja veturinn í burtu. Kristnin tók þetta upp, þegar farið var að minnast og halda upp á upprisuna, á 2. öld. Eggjaskurnin varð tákn grafarinnar sem Jesús hafði verið lagður í á föstudaginn langa en braust svo út úr á páskadegi. Unginn, sem trónir efst á súkkulaðieggjum nútímans, er sjálfur hann, meistarinn, sigurvegarinn.

## Kristnir fóru að lita eggin

Er fram liðu stundir tóku kristnar þjóðir að lita eggin eða mála, og skreyta þau á ýmsan veg. Algengasti liturinn varð þó hinn rauði. Hinir tveir voru til staðar í egginu – blóminn sjálfur var gylltur, tákn konungdóms og guðlegs eðlis meistarans, og hvítan merkti sakleysið og hreinleikann. Ekkert vantaði þá nema blóðlitinn – tákn fórnarinnar.

### Hvers vegna voru eggin lituð?

Um tilurð eða upphaf hinna lituðu eggja urðu til helgisagnir. Ein er á þann veg að Símon frá Kýrene, sem aðstoðaði Jesú við að bera krossinn upp að Golgata, hafi verið eggjakaupmaður. Þegar hann kom á búgarð sinn, uppgötvaði hann að eggin voru ekki lengur hvít, eins og þau áttu að vera, heldur í öllum regnbogans litum. Önnur saga, ættuð úr Póllandi, er um Mariu Guðsmóður, sem bauð hermönnunum við krossinn egg, og bað þá grátandi að sýna mildi. Tár hennar féllu á eggin og þau urðu doppótt og mynstruð. Og enn ein sagan, einnig pólsk, fjallar um Mariu Magdalenu sem bar egg í körfu á leið til grafarinnar árla páskadagsmorguns; þetta var nesti hennar. Þegar hún ætlaði að neyta þess, sá hún að eggin höfðu breytt um lit, eins og í fyrri dæmunum.

### Eggin geta verið hin mestu listaverk

Nú á tímum eru kristnar þjóðir í Austur-Evrópu fremstar allra á þessu sviði, að mála og skreyta egg, og Úkraínurnar sýnu þekktastir. Búlgarir hafa t.d. engin mynstur á eggjum sínum heldur mála þau í einum lit, oftast rauðum, en aðrar þjóðir flestar gera eitthvað meira. Oft eru þetta hin mestu listaverk. Og fyrst og síðast eru eggin notuð í tengslum við helgihald á páskum. Eftir miðnæturmessu og næstu daga á eftir eru þau brotin, til að minna á uppreisuna, útbrotið úr gröfinni lokuðu. Annað sem ýtti undir vinsældir og framgang páskaeggsins gerðist á miðöldum. Leiguliðar í Mið-Evrópu þurftu nefnilega að gjalda landeigendum skatt í formi eggja fyrir páska. Um það leyti voru egg mjög eftirsóknarverð, enda hænurnar nýbyrjaðar að verpa á ný eftir vetrarhléið sem móðir náttúra sér þeim fyrir, og enginn hafði þar á ofan mátt borða kjötmeti (þ.m.t. egg) á föstunni. Á einhverjum tímapunkti fóru landeigendur svo að gefa fimmtung af þessum eggjum til bágstaddra. Þaðan kemur sú hefð að gefa börnum páskaegg á þessum tíma kirkjuársins.

Á barokktímanum tók yfirstéttarfolk að gefa hvort öðru skreytt egg, oft með gullívafi, og oftar en ekki var op gert á skurnina og litlu spakmæli, rímu eða ljóði stungið þar í. Alþýðan notaði hins vegar bara málningu og liti.

### Hvenær kom súkkulaði til sögunnar?

Kakótréð er upprunnið í Mið-Ameríku. Súkkulaði kom því ekki til sögunnar í Evrópu fyrr en í lok 16. aldar og byrjun þeirra 17., eftir siglingar Kólumbusar og annarra til Vesturheims. Um miðja 19. öld hófu sælgætisframleiðendur páskaeggjagerð í Mið-Evrópu, en á Íslandi urðu þau ekki algeng fyrr en í kringum 1920. En eggin, sem brotin eru í kristnum löndum á hverjum einustu páskum, eru sum sé vitnisburður um að Kristur er upprisinn.

Sigurður Ægisson